

Skólaráðsfundur 23. sept. 2021

Mættir: Guðmundur, Svala, Kristinn, Sólveig,
Ritari: Guðný

Vantar nokkra fundamenn vegna anna.

Dagskrá:

- Almennar upplýsingar í upphafi skólaárs
- Vetrarstarf skólaráðs.
- „Okkar Kópavogur“ <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/ibuaverkefni/okkar-kopavogur>
- Skýrsla um innra mat skólaárið 2020-2021
<https://www.kopavogsskoli.is/static/files/Skyrslur/innra-mat-kopavogsskola-fyrir-skola-arid-2020-2021.pdf>
- Starfsáætlun Kópavogsskóla 2021-2022
<https://www.kopavogsskoli.is/static/files/aaetlanir/starfsaaetlun-kopavogsskola-2021-2022.pdf>
- Endurmenntun starfsmanna
- Eftirlitsmyndavélar
<https://www.kopavogur.is/is/stjornsysla/log-og-reglugerdir-1/eftirlitsmyndavelar-a-veg-um-kopavogsbaejar>

Guðmundur kynnir almennar upplýsingar um skólann. 376 nemendur í skólanum og 125 nemendur í Frístund þetta skólaárið.

Við erum í vanda með húsnæði og erum við í samtalið við bæinn um okkar þarfir.

Einnig þrengir að okkur þar sem við erum að fá til okkar nokkra nemendur með sérþarfið sem kalla á aukid starfsfólk og meira rými.

Frístundin var tekin í gegn í sumar og er hún vel mönnuð og höfum við saman kjarnarnann af starf fólk þar,

Verið er að klára nýja leiksvæðið í U-inu. Einnig er búið að skipta um undirlag undir kastala og rólum. Einnig er búið að taka salernin í miðrýminu alveg í gegn með alveg lokað á milli bása. Eina klósettið sem eftir er er á ganginum hjá bókasafninu.

Eftirlitsmyndavélar eru komnar í gagnid og eru mjög skýrar. Það eru þrír starfsmenn með aðgang að þeim.

Verkefni sem eftir urðu er dúkur á ganga í miðálmum og gluggar á unglíngastigi.

Guðmundur fer yfir starfsáætlun fyrir þetta skólaár.

Guðmundur ræðir um Okkar Kópavog.

Sólveig býðst til þess að setja inn verkefni inn á Okkar Kópavogur.

Guðmundur segir frá „Verkþæklingunni“ sem nemendur í 10. bekk eru að vinna í Hönnun og smíði.

Guðmundur segir frá Skýrsla um innra mat skólaárið 2020-2021. Þar er verið að fara í þá þætti sem á að fara í samkvæmt lögum.

Það var ákveðið að einblína á færri atriði þetta skólaár og gefa þeim betri tíma.

Námsráðgjafi leggur fyrir kannanir fyrir nemendur skólans ásamt því að skólinn leggur fyrir skólapúlsins og í ár eru það starfsmenn sem taka könnunina en nemendur taka könnun á hverju ári.

Niðurstöður Skólapúlsins kynntar og unnið verður með þær. Í skýrslunni eru opin svör sem eins og þau komu fram frá foreldrum.

Kristinn talar um að það þurfi að kynna fyrir foreldrum hvernig er tekið á agamálum í skólanum. Það eru engin rými fyrir þessi mál önnur en gangarnir.

Nemenda könnunin þar má nefna að ánægja með náttúrufræði hefur aukist.

Það voru 4 tilfelli um einelti tilkynnt á síðasti skólaári.

Guðmundur ræðir um starfsmannaviðtöl og aðgengi starfsmanna að upplýsingum.

Foreldrasamtölin við stjórnendur verða núna í vetur og verða sett upp sem fyrst.

Þróunarverkefni sem hafa verið í gangi (sjá glærur) þrjú þeirra er lokið.

Fjallað um könnun á vímuefnaneyslu unglunga

Fjallað um samræmduprófinn. Niðurstöður fyrir okkar skóla eru misjafnar, slakar í 4.bekk en um og yfir landsmeðaltali í 7. bekk og sá árgangur sýnir góðar framfarir. Búið að fella niður samræmdpróf hjá 4. og 7. bekk fyrir þetta skólaár.

Lesferillinn er er gerður 3 sinnum á ári. September, janúar og maí. en við erum að leggja áherslu á lestur í vetur.

Áætlun að endurskoða eineltisáætlun í vetur er það langt komið, Samskipti við foreldra og skólastefna.

Guðmundur sýnir hvað það á að taka fyrir í könnunum næsta skólaár.

Guðmundur kynnir starfsáætlun skólans árið 2021 - 2022.

Sólveig talar um að valfögin séu ekki spennandi fyrir nemendur á unglingastigi. Aðeins rætt um það hvað það séu fáir nemendur á unglingastigi og því erfitt að ná í valfögin og því verða oft valfög fyrir því að falla niður. Skólinn hefur reynt að vera í samstarfi við Molann, anna skóla vegna leiklistarvalfags og við leikfélag Kópavogs til að koma á mótis við þá fáu nemendur sem vilja fara í leiklist. Þessar tilraunir hafa ekki gengið upp hingað til. Þessi umræða kom í framhaldi af umræðu Guðmundar um hugmyndir í menntamálaráðuneytinu um fækkun valgreina og aukningu tíma í íslensku og náttúrufræði.

Rætt um fjárhagsáætlun fyrir næsta skólaár. Varðandi hús.